

Fundargerð 539

Miðvikudaginn 14. ágúst 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman á fjarfundi. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Oddný Árnadóttir (OÁ). Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði, Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

- Aflamark Byggðastofnunar, val á samningsaðilum - til afgreiðslu
- Önnur mál
- Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Aflamark Byggðastofnunar, val á samningsaðilum

Fyrir fundinum liggur minnisblað Reinhards Reynissonar og Sigurðar Árnasonar sérfræðinga á þróunarsviði auk umsókna um aflamark Byggðastofnunar á Tálknafirði, Drangnesi og Bakkafirði sem SÁ kynnti.

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar 25. júní sl. var afgreiðslu umsókna vegna Tálknafjarðar, Drangness, Grímseyjar, Bakkafjarðar og Borgarfjarðar eystri frestað þar sem fullnægjandi gögn höfðu ekki borist. Umbeðin gögn hafa ekki enn ekki borist vegna Borgarfjarðar eystri og áfram er unnið í umsóknum vegna Grímseyjar og Bakkafjarðar.

Til afgreiðslu nú eru því umsóknir vegna Tálknafjarðar og Drangness.

Tálknafjörður

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Odda hf. og samstarfsaðila um nýtingu á allt að 400 þorskígildistonnnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu sex fiskveiðiára. Einnig er lagt til að umsóknum Sæstjórnunnar ehf. og Ba-337 ehf. o.fl. verði hafnað. Umsögn Vesturbyggðar liggur fyrir og gerir sveitarfélagið ekki athugasemd við afgreiðslu aflamarksnefndar.

Drangnes

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Fiskvinnsluna Drang ehf. og samstarfsaðila um nýtingu á allt að 300 þorskígildistonnnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu sex fiskveiðiára. Umsögn Kaldraneshrepps liggur fyrir og er jákvæð.

SÁ og RR fóru yfir vinnu varðandi umsóknir frá Bakkafirði og Grímsey.

Fyrirspurnir hafa borist undanfarið vegna umsókna á Bakkafirði sem útheimt hafa nokkra vinnu og gagnayfirferð. Þá hefur verið unnið að málum varðandi umsóknir í Grímsey og m.a. haldinn samráðsfundur meðal umsækjenda í Grímsey. Áfram er unnið með umsóknum vegna Bakkafjarðar og Grímseyjar og gert ráð fyrir að þau mál verði tekin fyrir á ný á næsta fundi stjórnar.

Til máls tóku KB, GHM, ÓH, AME og HKH.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur um úthlutun aflamarks til Tálknafjarðar og Drangsnes og voru þær samþykktar samhljóða.

2. Önnur mál

Sértæk verkefni

ÓH ræddi um sértæk verkefni sem Byggðastofnun gæti komið að og rætt yrði á næsta fundi.

Til máls tóku GHM og KB.

RR vék af fundi.

...

3. Næsti fundur

Næsti fundur verður 29. ágúst í Vestmannaeyjum. AME fór yfir fyrirhugaða dagskrá.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:03

Magnús Helgason, fundarritari.

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Oddný Árnadóttir